

Tilmæli 16/2024
Tillaga B 348/PRE
Afgreiðsla Forsætisnefnd

Fjárhagsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar 2025 NMR

Með vísan í 45. og 56. gr. Helsingforssamningsins samþykkti Norðurlandaráð hinn 30. október 2024 eftirfarandi tilmæli samkvæmt tillögu forsætisnefndarinnar.

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hún samþykki ráðherranefndartillögu um fjárhagsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar 2025.

að MR-SAM samþykki og fylgi eftir eftirfarandi samkomulagi um fjárhagsáætlun:

Norræna ráðherranefndin og Norðurlandaráð eru þar að auki sammála um að í frekari umræðum um vinnuáætlanirnar skuli lögð sérstök áhersla á eftirfarandi aðgerðarsvið á tímabilinu 2025-2027:

- Aðlögunarmál og frjáls för:** Vinna að aðlögunarmálum og frjálsri för á milli landanna er eflað með auknum tilföngum til vinnunnar gegn stjórnsýsluhindrunum, upplýsingamiðlun og fjölda verkefna sem auðvelda frjálsa för.
- Stuðningur við stofnanir borgarasamfélagsins:** Frá árinu 2025 eykst fjármagnsstuðningur enn með nýjum fjárhagsliðum sem stofnanir sem hafa það að höfðustarfi að sinna norrænni samvinnu geta sótt um fjármagn fyrir þrjú ár í senn. Einnig verður möguleiki á hverju ári að sækja um fjármagn til verkefna tengd norrænum málefnum.
- Börn og ungmenni:** Frá árinu 2025 munu aðgerðir einkum snúast að lýðræðisþátttöku ungmenna og vinnunni gegn vanlíðan og geðsjúkómum.
- Samstarfið í mennta- og menningarmálum:** Norrænt mennta- og menningarsamstarf er eflað með áherslu á þróun lýðræðislegs norræns samstarfs.



5. **Aukinn viðnámsþróttur í norrænu löndunum:** Aukið þverfaglegt samstarf um samfélagsöryggi, þ.m.t. almannavarnir og viðnámsþrótt.

Norræna ráðherranefndin skuldbindur sig til að fylgja vinnunni eftir og gefa Norðurlandaráði reglulegar skýrslur um þróun átaksverkefna. Í tengslum við þetta mun Norræna ráðherranefndin leggja sérstaka áherslu á að tryggja skýrt og gagnsætt upplýsingastarf.

Norræna ráðherranefndin og Norðurlandaráð viðurkenna að til er fjöldi stofnanna inna borgarasamfélagsins sem hafa norrænan fókus, þar á meðal Norrænu félögin sem gegna mikilvægur hlutverki í hinu fjölþjóðlega norræna samstarfi. Nýtt fjármögnunarform Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir stofnanir borgarasamfélagsins merkir að frá árinu 2025 verður umsóknnum háttáð á annan hátt en fyrri ár.

Norræna ráðherranefndin flýttir ferlinu fyrir nýja fjármagnsliðinn þannig að stofnanir sem sækja um munu fá skilaboð um mögulegan stuðning eins fljótt og unnt er. Einnig mun fjármagnsliðurinn um rekstraraðstoð eftir fyrsta umsóknarferlið haustið 2024 verða endurskoðaður. Niðurstöðurnar verða kynnar MR-SAM og Norðurlandaráði með það að markmiði að skapa grundvöll fyrir áframhaldandi samtali um málaflokkinn.

Norðurlandaráð telur að Norrænu félögin og starfsemi þeirra skipti miklu máli og sé mikilvægur hluti norræns samstarfs og það tryggja þurfi þeim stuðning til grunnsstarfsemi og viðeigandi verkefnastyrkjum til framtíðar.

Norðurlandaráð hefur í mörg ár beðið norrænu ríkisstjórnirnar um að koma á Norrænni ráðherranefnd um samgöngumál. Norðurlandaráð bendir á að stofnun Norrænnar ráðherranefndar um samgöngumál hafi aldrei verið mikilvægari en nú.

Samtali Norrænu ráðherranefndarinnar og Norðurlandaráðs um aukið norrænt samstarf á sviði samgöngumála mun haldið áfram á grundvelli þeirrar greiningar kynnt var á vordögum 2024.

Norðurlandaráð mun reglulega fá upplýsingar um hvernig ríkisstjórnir Norðurlanda vinna að því að styrkja samstarf sitt í samgöngumálum.

Að lokum er komist að samkomulagi um að núverandi og komandi formennskulönd í Norrænu ráðherranefndinni fundi með núverandi og næsta



formenskulandi í Norðurlandaráði í lok árs 2024 til að upplýsa um verkefni í gangi og ræða samstarfið á komandi ári.

Reykjavík, 30. október 2024

Bryndís Haraldsdóttir,
forseti Norðurlandaráðs

Kristina Háfoss,
framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs